



Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032
Tillaga að breytingu - Ólafsdalur

Greinargerð
25. september 2024

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dags. 27.maí 2024




SKÝRSLA-UPPLÝSINGABLAÐ			
Titill skýrslu: Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, Ólafsdalur		Tegund skýrslu: Greinargerð	
Verkheiti: Aðalskipulag Dalabyggðar		Verkaupi: Minjavernd hf.	
Verkefnisstjóri: Kristín Una Sigurðardóttir		Verkefnisstjóri/fulltrúi verkkaupa	
Höfundur: ÓÖG	Skýrslunúmer: 1	Verknúmer: DP1601E	Fjöldi síðna:
Útdráttur:			
Lykilorð:			
Staða skýrslu: <input checked="" type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags
1	Óskar Örn Gunnarsson	28. feb. 2024				
2	Kristín Una Sigurðardóttir	6. maí 2024	Óskar Örn Gunnarsson	30.5.2024	Óskar Örn Gunnarsson	30.5.2024
3.	Kristín Una Sigurðardóttir	25. sept 2024	Óskar Örn Gunnarsson	25. sept 2024	Óskar Örn Gunnarsson	25. sept 2024

Skipulagslýsing

Tillaga til auglýsingar





Efnisyfirlit	2
1. Aðdragandi og markmið	4
1.1. Skipulagsgögn.....	4
2. Forsendur og staðhættir	4
3. Staða í skipulagi	6
3.1. Tengsl við aðrar áætlanir	8
4. Efnistöð skipulagsbreytingar	9
5. Umhverfismat	10
6. Málsmeðferð og tímaáætlun.....	11
Heimildir	12
Mynd 1. Mynd af Ólafsdal sem sýnir fjölda bygginga sem stóðu í Ólafsdal á tíma skólans frá 1880-1907 (Mynd: www.minjavernd.is).....	5
Mynd 2. Tíðni vindáttu (%) í Gilsfirði 1997-2009 (VÍ).	6
Mynd 3. Hluti úr gildandi Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032.	7
Mynd 4. Hluti gildandi deiliskipulags Ólafsdals.	7
Mynd á forsiðu fengin af heimasíðu Minjaverndar www.minjavernd.is	



1. Aðdragandi og markmið

Gerð er breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin er gerð vegna áherslubreytinga í Ólafsdal. Skilgreiningu svæðisins verður breytt úr afþreyingar- og ferðamannasvæði AF-10 í svæði fyrir verslun og þjónustu VP-20. Skipulagssvæðið stækkar lítillaga og er lítið svæði skilgreint á Ólafsdalseyrum sem verður hluti af VP-20. Það er hugsað fyrir sjósækna afþreyingu, s.s. báta- og kajaksiglingar. Gert verður ráð fyrir byggingu bátanausta og þjónustuhúss fyrir þá starfsemi. Markmið breytingarinnar er að renna frekari stoðum undir núverandi starfsemi t.d. með því að geta boðið upp á frekari gisti- og afþreyingarmöguleika innan svæðisins.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari er gerð breyting á deiliskipulagi Ólafsdals.

1.1. Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi með forsendum og umhverfismatskýrslu.

2. Forsendur og staðhættir

Ólafsdalur er allvíður og skorinn inn í hálendið suður úr Gilsfirði, á milli Breiðafjarðar og Húnaflóa. Land jarðarinnar nær frá fjöruborði til fjallabrúna. Gróíð land jarðarinnar er í meginatriðum þrenns konar: Á eyrum og á framburði Ólafsdalsár eru brattar þurrlendishlíðar upp til skriðufóta og síðan deiglendi. Norðan við heimatún og syðst í því er það þurrlendi á skriðufótum sem mótar landið en milli þessara skriða er deiglendi, þar sem drjúgur hluti túna er. Ekki liggur fyrir nákvæmt gróðurkort af Ólafsdal en skv. grófu gróðurkorti Náttúrfræðistofnunar Íslands er Ólafsdalur gróðurgreindur sem mólendi, graslendi og ræktað land á láglandi og mosagróður í fjallshlíðum. Megin hluti núverandi deiliskipulagssvæðis er ræktuð tún frá tímum bændaskólans í Ólafsdal, áreyrar eru meðfram Ólafsdalsá og melar sunnan Gullkinnar, en það er syðsti hluti hins ræktaða túns. Stærstur hluti stækkunar deiliskipulagssvæðisins eru mosa- og mólendi, sem í dalsbotninum getur verið talsvert blautt.

Sögulegt gildi staðarins er mikið, en þar var fyrsti búnaðarskóli á Íslandi stofnaður af hjónunum Torfa Bjarnason og Guðlaugu Zakaríasdóttur árið 1880. Var hann starfsræktur til ársins 1907. Á tíma skólans reis fjöldi bygginga í Ólafsdal, þar á meðal skólahúsið, sem enn stendur, en það var byggt árið 1896. Þá voru meðal annars byggð smiðja, mjólkurhús og tóvinnuhús.

Minjavernd gerði á haustdögum 2015 samkomulag við ríkissjóð sem felst í að félagið endurreisir byggingar og hefur umsjón með menningarlandslagi á svæðinu, en ríkissjóður afsalaði í þessu skyni 57,5 hektara landspildu til félagsins. Samkomulagið felur m.a. í sér að Minjavernd tekur að sér að endurbyggja gamla skólahúsið og önnur þau hús sem uppi standa enn að einhverju leyti svo og að byggja ný hús í sað þeirra sem horfin eru og verða nýju húsin ætluð fyrir menningar- og náttúrutengda ferðaþjónustu.

Samkvæmt greiningu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, byggðri á íbúakönnun 2016, er landbúnaður (og skógrækt) stærsta atvinnugrein svæðisins. Opinber þjónusta, stjórnsýsla og fræðslustarfsemi hefur einnig talsvert vægi samkvæmt greiningunni.¹ Árið 2019 lét Eiríksstaðanefnd vinna samantekt á tölulegum upplýsingum um ferðamenn í sveitarfélaginu (sjá: Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018)². Samkvæmt skýrslunni er áætlað að 49 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið í Dalabyggð árið 2004 en 296 þúsund árið 2018, sem er sexföldun.³ Einnig er áætlað að 112 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína í Dalabyggð

¹ Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032

² Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018. Samantekt unnin fyrir Eiríksstaðanefnd.
<https://dalir.is/wp-content/uploads/2020/02/Ferðamenn-i-Dalabyggð-2004-2018.pdf>

³ Ferðamálastofa. 2021.

árið 2017. Að sama skapi er áætlað að 74 þúsund erlendir ferðamenn hafi haft einhverja viðdvöl í Búðardal árið 2018.⁴ Samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu þá eru allmargir ferðapjónustuaðilar sem bjóða upp á gistingu og eru þeir taldir upp í töfluTafla 1.

Nr.	FERÐAÞJÓNUSTUAÐILI	LÝSING ÚR GAGNAGRUNNI FERÐAMÁLASTOFU	FJÖLDI GISTIRÚMA
1	Hótel Ljósaland	Gistiheimili, Veitingahús	16
2	Ferðapjónustan Purranesi	Heimagisting, Sumarhús	20
3	Nýp á Skarðsströnd	Gistiheimili, Handverk og hönnun, Hótel, Sýningar og gallerí, Vestfjarðaleiðin	10
4	Tjaldsvæðið á Skarðsströnd	Tjaldsvæði, Vestfjarðaleiðin	
5	Vogur Country Lodge	Hótel, Veitingahús, Vestfjarðaleiðin	13
6	Dalahótel	Farfluglaheimili og hostel, Hótel, Tjaldsvæði, Veitingahús, Vestfjarðaleiðin	87
7	Dalakot	Gisting	10
8	Tjaldsvæðið Búðardal	Tjaldsvæði, Vetrarþjónusta við campera / húsbíla	
9	Kastalinn gistiheimili	Gistiheimili, Heimagisting, Sumarhús	13
10	Ásubúð apartement	Íbúðin er með tveimur svefnherbergjum, einu baðherbergi, fríu netsambandi, sjónvarpi, borðkrók, fullbúnu eldhúsi og verönd með sjávarsýn.	6-8
11	Sælureiturrinn Árblik	Barir og skemmtistaðir, Beint frá býli, Kaffihús, Tjaldsvæði	
12	Gistiheimilið Sauðafelli	Gistiheimili, Vestfjarðaleiðin	10-12
13	Ferðapjónustan Erpsstöðum	Bændagisting, Beint frá býli, Dýragarðar og opinn landbúnaður, Fjölskyldu- og skemmtigarðar, Matarupplifun, Sumarhús, Vestfjarðaleiðin, Vetrarafþreying	6
14	Háafell Lodge	Bændagisting, Íbúðir, Sumarhús, Vestfjarðaleiðin	6
15	Svarfhóll	Gistiheimili, Vestfjarðaleiðin	14
16	Cosy Country Camper suit	Gistiheimili	6
17	Dalahyttur	Gistiheimili, Kaffihús, Sumarhús, Veitingahús, Vestfjarðaleiðin.	18
18	Seljaland ferðapjónusta	Bændagisting, Heimagisting, Sumarhús, Svefnpokagisting, Veitingahús, Vestfjarðaleiðin.	12-15
19	Kornmúli	Gistiheimili, Íbúðir, Sumarhús	6
Samtals:			253-262

Tafla 1. Ferðapjónustuaðilar sem bjóða upp á gistingu í Dalabyggð. Heimild: Ferðamálastofa.


Vestfjarðastofa hefur skilgreint svokallaða Vestfjarðaleið, en verkefnið er unnið í samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum ásamt Dalabyggð. Markmiðið er að auka aðdráttarafli Vestfjarða fyrir ferðamenn, skilgreina styrkleika svæðisins og vinna með upplifun svæðisins. Hluti fyrirhugaðrar Vestfjarðaleiðar liggur um Dalabyggð, þ.e. um Bröttubrekku, gegnum Miðdali, Fellsströnd og Skarðsströnd.⁵



Mynd 1. Mynd af Ólafsdal sem sýnir fjölda bygginga sem stóðu í Ólafsdal á tíma skólans frá 1880-1907 (Mynd: www.minjavernd.is).

⁴ Rögnvaldur Guðmundsson. 2019.

⁵ Vestfjarðastofa. 2021.



Mynd 2. Tíðni vindátta (%) í Gilsfirði 1997-2009 (VÍ).

Vegagerðin rak sjálfvirka veðurstöð á Kaldrana við Gilsfjörð á árunum 1997 til 2009. Mælingar sýna að þar er austnorðaustanátt út fjörðinn ríkjandi og hvassviðri koma úr norðaustri til austnorðausturs. Ólafsdalur liggur nær þvert á Gilsfjörð og því má gera ráð fyrir töluvert annarri tíðni vindátta þar (Veðurstofa Íslands 2015). Staðkunnugir í Ólafsdal segja að vindhviður úr suð-austri séu algengar í dalnum.

Í dag eru innan svæðisins 7 byggingar og byggingarmagn alls rúmlega 1000 m².

3. Staða í skipulagi


Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Afþreyingar og ferðamannasvæði - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
AF-10	Ólafsdalur (15,3 ha)	Svigrúm fyrir menningartengda ferðapjónustu í tengslum við enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild til viðhalds mannvirkja og enduruppbyggingu fallinna bygginga. Svigrúm fyrir safnastarfsemi og starfsemi fræðaseturs. Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-7 og skal öll uppbygging taka mið af ákvæðum hennar (kafli 18.4).

Hverfisvernd - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
HV-7	Ólafsdalur í Gilsfirði (701,6 ha) Menningarlandslag og mannvirki búnaðarskólans ásamt útihúsum Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi	Vernda skal svæðið sem landslagsheild. Áhersla verði á aukna vitund og fræðslu m.t.t. sögu og náttúru svæðisins. Öll uppbygging skal vera í sátt við menningarlandslag og stuðla að varðveislu minjaheildar. Uppbygging skal taka mið af menningarlandslagi og minjum á svæðinu. Einkum skal horft til tímabilsins í kringum aldamótin 1900. Mannvirki sem tengjast rekstri og sögu Búnaðarskólans í Ólafsdal skulu varðveitt eins og kostur er. Heimilt er að endurbyggja fallin mannvirki og endurbæta þau sem eru uppstandandi. Vernda skal og halda til haga ummerkjum um búskaparhætti á tímum skólans. Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið. Nákvæm skráning fornleifa skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir



Mynd 3. Hluti gildandi Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032 (mynd: Verkis).

Í gildi er deiliskipulag Ólafsdals sem var samþykkt árið 2017. Gerðar hafa verið þrjár breytingar á deiliskipulaginu frá samþykkt þess. Gerð er breyting á deiliskipulagi Ólafsdals samhliða breytingu á aðalskipulaginu.



Mynd 4. Hluti gildandi deiliskipulags Ólafsdals (mynd: Landmótun).



3.1. Tengsl við aðrar áætlanir

Við skipulagsgerðina verður gætt að samræmi skipulagsins við aðrar áætlanir, bæði á landsvísu og innan fjórðungsins. Helstu áætlanir og stefnuskjöl eru tilgreind hér að neðan.

Landsskipulagsstefna 2015-2026⁶

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga og felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga.⁷ Leiðarljós stefnunnar er:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Aðalskipulagsbreytingin tengist einkum þeirri stefnu sem mörkuð er um búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag í dreifbýli. Eftirfarandi áherslur eru einnig settar fram í stefnunni:

SKIPULAG Í DREIFBÝLI

Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.

Skipulag með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga: Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.

Umhverfis- og menningargæði: Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.

Samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf: Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Náttúruminjaskrá⁸

Náttúruminjaskrá er skrá yfir friðlýst svæði á Íslandi og aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Aðalskipulagsbreytingin nær ekki til svæða sem eru á náttúruminjaskrá.

Landslagssamningur Evrópu⁹

Vorið 2019 samþykkti ríkisstjórn Íslands að fullgilda Evrópska landslagssamninginn. Markmið samningsins eru m.a. að efla vernd landslagsgerða, bæta umsjón og skipulag með tilliti til landslags. Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar hafi aðgang að og tækifæri til að njóta fagurs landslags.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030¹⁰

Sameiginleg áætlun Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um byggðarþróun m.t.t. landbúnaðar, sjávarnytja og ferðaþjónustu, var staðfest af skipulagsstofnun staðfesti 5. júní 2018 í samræmi við skipulagslög og auglýsing um gildistöku var birt í Stjórnartíðindum 19. júní sl.

⁶ <https://www.landsskipulag.is/>

⁷ Skipulagsstofnun, 2016.

⁸ Náttúrufræðistofnun, 2023.

⁹ Council og Europe Landscape Convention.

¹⁰ Svæðisskipulag fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð 2018-2030.



Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023¹¹

Áfangastaðaáætlun er stefnumótandi áætlun um áherslur, uppbyggingu og þróun ferðamála á tilteknu landsvæði og skilgreindu tímabili. Áætlunin er gerð að frumkvæði stjórnvalda, en unnin af stoðþjónustu ferðamála á umræddu svæði, í samstarfi við sveitarfélög, heimafólk og hagaðila á hverjum stað.

Áætlunin stuðlar þannig að jákvæðum framgangi ferðamála, samræmdri uppbyggingu innviða og virkri vöruþróun, en er einnig góður grunnur aukinni samkend, samráði og samstarfi. Áfangastaðaáætlun Vesturlands er grunnur að ábyrgri ferðamálastefnu þar sem lögð er áhersla á að tillit sé tekið til þolmarka náttúru, innviða, heimamanna og gesta og mið tekið af væntingum og upplifun samfélags, fyrirtækja og gesta. Lögð er áhersla á uppbyggingu sem stuðlar að ábyrgri umgengni, jákvæðri upplifun, arðsemi fyrirtækja og ábata samfélagsins. Lögð er áhersla á gæði umfram magn, að höfða til þess að ferðafólk gefi sér tíma til að dvelja lengur og njóta á hverjum stað, með sjálfbærni, gæði og virðingu fyrir umhverfinu að leiðarljósi.

4. Efnistöð skipulagsbreytingar

Landnotkun í Ólafsdal breytist úr afþreyingar- og ferðamannasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu og svæðið stækkar þegar lítið svæði er skilgreint á Ólafsdalseyrum sem verður hluti af VP-20. Það er hugsað fyrir sjósækna afþreyingu, s.s. báta- og kajaksiglingar. Gert er ráð fyrir byggingu bátanausta og þjónustuhúss fyrir þá starfsemi. Markmið breytingarinnar er að renna frekari stoðum undir núverandi starfsemi t.d. með því að geta boðið upp á frekari gistimöguleika innan svæðisins. Nánari skilmálar eru skilgreindir fyrir svæðið. Fjöldi gistirúma í Ólafsdal er 100 auk starfsfólks og hámarks byggingarmagn er 2500 m². Ákvæði hverfisverndar fyrir svæði HV-7 verða óbreytt.

Í breyttu aðalskipulagi verður svæðið skilgreint á eftirfarandi hátt:

Verslun og þjónusta - Sértek ákvæði

Auðkenni	Lýsing	Skipulagsákvæði
VP-20	Ólafsdalur (15,3 ha)	<p>Svigrúm fyrir gistaðila í flokki II og IV, sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gistaðila og skemmtanahald, með allt að 100 gistirúm, og veitingastað í flokki II.</p> <p>Svigrúm fyrir náttúru- og menningartengda ferðaþjónustu í tengslum við enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild til viðhalds mannvirkja og enduruppbyggingu fallinna bygginga. Uppbyggingu svæðisins og rekstri skal hagað þannig að til hagsbóta verði fyrir nærsamfélagið og svæðið vera opið almenningi. Svigrúm fyrir safnastarfsemi og starfsemi fræðaseturs.</p> <p>Á Ólafsdalseyrum er svæði fyrir sjósækna afþreyingu í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu og enduruppbyggingu Ólafsdalsskóla. Heimild er til uppbyggingar nýrra mannvirkja, svo sem bátanausta og þjónustuhúss sem styður við rekstur á menningar- og náttúrutengdri ferðamennsku.</p> <p>Hámarks byggingarmagn er 2500 m².</p> <p>Svæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV-7 og skal öll uppbygging taka mið af ákvæðum hennar (kafla 18.4).</p>

¹¹ Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023



5. Umhverfismat

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er ekki mörkuð stefna um framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Við gerð aðalskipulags og breytinga þess skal, skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfs. Svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærni þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram. Þeir umhverfisþættir sem metnir verða eru settir fram í töflu Tafla 2.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Ásýnd og landslag	Áhrif á ásýnd og landslag.	Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Menningarminjar	Áhrif á menningarminjar.	Stefna í aðalskipulagi og lög um menningarminjar nr. 80/2012. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Verndarsvæði	Áhrif á hverfisverndarsvæði.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Áhrif á atvinnulíf og áhrif á íbúapróun og styrkingu byggðar.	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Tafla 2. Umhverfismatþættir og spurningar.

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting á aðalskipulaginu og þær framkvæmdir sem áformaðar eru falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Matsþáttur	Matsspurning	Áhrif breytingar	
Ásýnd og landslag	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?	Breytingin hefur ekki afgerandi áhrif á náttúrulegt yfirbragð svæðisins og lítil áhrif á ásýnd svæðis.	0
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar.	Breytingin hefur lítil sem engin áhrif á menningarminjar sé fyllstu varúðar gætt í samræmi við skilmála.	0/-
Verndarsvæði	Hefur stefnan áhrif á hverfisverndarsvæði.	Breytingin hefur lítil sem engin áhrif á hverfisverndarsvæðið.	0
Samfélag	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf, íbúapróun og styrkingu byggðar.	Breytingin hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu og styrkir byggðina með aukinni þjónustu og möguleika á fleiri störfum.	+



VALKOSTIR

Aðrir valkostir sem til skoðunar voru er núllkostur sem er gildandi aðalskipulag sem gerir ráð fyrir umfangsminni uppbyggingu en lögð er til með breytingunni. Núllkostur hefur minni umhverfisáhrif í för með sér í öllum umhverfisþáttum og þá sér í lagi landslag og ásýnd, og neikvæð áhrif á samfélag, þar sem möguleiki á fleiri störfum glatast.

NIÐURSTAÐA

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem verið er að nýta betur þá innviði sem í uppbyggingu eru og fyrirhugað er að byggja upp. Ef núllkostur yrði fyrir valinu, þá óbreytt ástand, hefði það neikvæð áhrif á samfélag og atvinnulíf þar sem færri störf yrðu til.

6. Málsméðferð og tímaáætlun

Málsméðferð verður í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsing var kynnt almenningi og öðrum hagsmunaaðilum í janúar/febrúar 2024 og send Skipulagsstofnun til umsagnar. Kynningartími lýsingar var tvær vikur.

Aðrir umsagnaraðilar eru:

- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Minjastofnun Íslands
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa

Ábendingar sem bárust við kynningu lýsingar voru hafðar til hliðsjónar við gerð tillögu að breyttu aðalskipulagi en var ekki svarað með formlegum hætti.

Vinnslutillaga var auglýst 25. Júní-25 júlí 2024 og bárust fjórar umsagnir um tillöguna sem tekið var tillit til.

Tillaga þessi er lögð fyrir sveitarstjórn sem tekur ákvörðun um auglýsingu hennar. Tillagan verður síðan send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu.

Tillagan ásamt breytingu á deiliskipulagi verður auglýst í víðlesnu dagblaði eða héraðsblaði og á vef sveitarfélagsins (www.dalir.is) og mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins á auglýsingatíma. Tillagan verður send umsagnaraðilum og gefinn sex vikna frestur til að koma á framfæri skriflegum athugasemdum. Athugasemdum sem berast á auglýsingatíma verður svarað með formlegum hætti.

Að auglýsingatíma liðnum verður tillagan afgreidd í sveitarstjórn, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til og send Skipulagsstofnun til yfirferðar og staðfestingar.

Staðfest aðalskipulagsbreyting tekur að lokum gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.



Heimildir

Áfangastaðastofa Vesturlands. 2021. Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023

Rögnvaldur Guðmundsson. 2019. Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018. Samantekt unnin fyrir Eiríksstaðanefnd. <https://dalir.is/wp-content/uploads/2020/02/Ferðamenn-í-Dalabyggð-2004-2018.pdf>

Skipulagsstofnun, 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026.

Skógræktin, 2022. *Landupplýsingagögn Skógræktarinnar. Ræktað skóglendi á Íslandi*. Sótt 21. nóvember 2022 af <https://www.skogur.is/is/umskograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/skoglendisvefsjauppfaerd>

Alta, 2018. Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030.

Verkís 2020. Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032.

Landmótun 2017. Deiliskipulag Ólafsdals.